

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

6

1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

7

4. marz

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hér með Vorum trúú þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 1. f. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amaliuborg, 4. marz 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.